

# Álagning gjalda í Hvalfjarðarsveit 2017

- Álagning útsvars á tekjur ársins 2017 er 13,14%
- Fasteignaskattur er eftirfarandi á árinu 2017:

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 segir, að allar fasteignir sem metnar eru af Fasteignaskrá Íslands skuli árlega leggja á skatt til sveitarfélagsins þar sem fasteignin er.

Fasteignaskattur A-flokkur 0,49%

Fasteignaskattur B-flokkur 1,32%

Fasteignaskattur C-flokkur 1,65%

- **Lóðarleiga** í þéttbýli 1,25 % af fasteignamati og er innheimt með fasteignagjöldum.
- **Sorphirðugjald**  
Sorphirðugjald vegna íbúðarhúsnæðis kr. 24.340  
Sorphirðugjald vegna sumarhúss kr. 12.320.  
Sorpurðunargjald vegna íbúðar og sumarhúsa kr. 2.500  
Gjöldin eru innheimt með fasteignagjöldum.
- **Rotþróargjald**  
Rotþróargjald er kr. 11.650,- og er árlegt gjald fyrir tæmingu rotþróa á hvert íbúðarhús og sumarhús. Rotþrærnar sjálfar eru tæmdar þriðja hvert ár. Þriðjungur kostnaðarins er innheimtur á hverju ári. Gjöldin eru innheimt með fasteignagjöldum.

Gjalddagar fasteignagjalda á árinu 2017 verða 7 talsins á mánaðarfresti 15. hvers mánaðar. Í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, og ágúst. Fyrsti gjalddagi 15. febrúar. Ef álagning er 25.000 kr. eða minna er einn gjalddagi 15. maí.

## Elli- og örorkulífeyrisþegar:

Afsláttur á fasteignaskatti til örorku- og ellilífeyrisþega er tekjutengdur.

Ekki þarf að sækja um lækkun, gerður vélrænn samburður

tekna samkvæmt fyrirbyggjandi skattframtali. Örorkulífeyrisþegar þurfa að leggja fram örorkuskírteini.

Afsláttur vegna einstaklinga		
Tekjumörk		Afsláttur
-	3.300.000	100%
3.300.001	3.612.000	80%
3.612.001	3.936.000	50%
3.936.001	4.696.000	25%
Afsláttur vegna hjóna/sambúðaraðila		
Tekjumörk		Afsláttur
-	5.232.000	100%
5.232.001	5.979.000	80%
5.979.001	6.353.000	50%
6.353.001	6.602.000	25%

Álagning fasteignagjalda er birt rafrænt á [www.island.is](http://www.island.is) , en er jafnframt hægt að óska eftir útprentuðum álagningarseðli á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar.

**Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatsefndar og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu.**

**Álagning á sorphirðu- og sorpeyðingargjaldi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur einn mánuður frá álagningu.**

Skúli Þórðarson  
Sveitarstjóri